

VIÐMIÐ VEGNA SKÓLASÓKNAR Í GRUNNSKÓLUM BORGARBYGGÐAR

Miða skal við eftirfarandi viðbrögð og styðja við viðmið um fjölda veikinda- og/eða leyfisdaga við hvert þrep. Mikilvægt er að viðbrögðin séu ávallt skoðuð út frá náms- og félagslegri stöðu hvers nemenda.

0 – 9 dagar

Framúrskarandi mæting

10-14 dagar

- Umsjónarkennari hringir í foreldra og upplýsir um stöðu skólasóknar.
- Ef áhyggjur eru af náms- og félagslegri stöðu fer viðbragðsstig af stað og umsjónarkennari kynnir það fyrir foreldrum.

15 – 18 dagar

- Umsjónarkennari viðkomandi nemanda boðar foreldra og nemanda á fund ásamt deildarstjóra stigs.
- Vandi greindur með viðtali (sjá vinnugögn/viðbragðsstig)
- Fundnar lausnir s.s. skriflegur mætingarsamningur gerður sem gildir í 3.-4.vikur.
- Málið fer til lausnateymis.

19 -29 dagar

- Tekið fyrir í lausnateymi sem fjallar um erindið og setur af stað aðgerðaráætlun.
- Deildarstjóri viðkomandi stigs boðar foreldra og nemanda á fund ásamt umsjónarkennara og kennsluráðgjafa.
- Gerðar eru frekari greiningar og tillögur um aðgerðir til að bæta skólasókn (sjá vinnugögn/hættustig).

30 dagar eða fleiri

- Ef mæting heldur áfram að ganga illa og viðunandi árangur hefur ekki náðst er málið tekið fyrir í nemendavernd
- Ákvörðun tekin um hvort að vísa eigi málinu til barnaverndar en haldið er áfram með fyrri úrræði.

